

Skýrsla stjórnar FOSS 2018 – 2019

45. aðalfundur FOSS var haldinn 15. maí 2018 á Hótel Selfossi. Dagskrá var samkvæmt lögum félagsins. Birna Kjartansdóttir stýrði fundi og Þuríður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Formaður FOSS flutti úrdrátt úr skýrslu stjórnar sem birt hafði verið á heimasíðu félagsins. Endurskoðandi félagsins, Jón Bergþór Hrafnsson, skýrði ársreikningana og svaraði fyrirspurnum úr þeim.

Veiga Dögg Magnúsdóttir flutti skýrslu orlofsnefndar og Kristín Erna Leifsdóttir flutti skýrslu fræðslusjóðs og svöruðu fyrirspurnum.

Samþykkt var tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald 1% af heildarlaunum.

Elva Dögg Árnadóttir kynnti tillögu kjörnefndar í stjórn og nefndir félagsins.

Eftirfarandi voru tilnefndir:

Stjórn FOSS

Ásbjörn Sigurðsson, til formanns, til 2ja ára

Þuríður Jónsdóttir, til 2ja ára

Svala Ósk Sævarsdóttir, til 2ja ára

Sigurjón Pétur Guðmundsson, til 2ja ára

Þar sem ekki bárust fleiri tilnefningar voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir.

Fræðslusjóður

Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir til 2ja ára

Orlofsnefnd

Linda Björg Perludóttir

Skoðunarmenn reikninga

Svanhildur Pétursdóttir til eins árs

Guðrún Hárlaugsdóttir til eins árs

Margrét Jóna Bjarnadóttir varamaður

Ofangreindar tilnefningar í Fræðslusjóð, orlofsnefnd og fyrir skoðunarmenn reikninga voru samþykktar samhljóða á fundinum.

Undir lok fundarins var dregið í árlegu happdrætti og vakti það mikla kátínu að vanda.

Stjórn FOSS

Ásbjörn Sigurðsson var endurkjörin sem formaður félagsins til 2ja ára. Einnig voru þau Þuríður Jónsdóttir, Sigurjón Pétur Guðmundsson og Svala Ósk Sævarsdóttir endurkjörin til 2ja ára.

Á fyrsta fundi sínum skipti stjórnin þannig með sér verkum: Birna Kjartandóttir varaformaður, og Þuríður Jónsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Sigurjón Pétur Guðmundsson, Svala Ósk Sævarsdóttir, Kristín Erna Leifsdóttir og Ágústa Richardsdóttir.

Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Vinnudagur stjórnar var haldinn í september. Þar fer stjórnin yfir stefnu og samþykktir félagsins, leggur grunn að starfinu fram að næsta aðalfundi og gerir tímasettar áætlanir um það sem gera skal.

Kjarasamningar

Núgildandi kjarasamningar hjá ríki og sveitarfélögum runnu út þann 31. mars sl. og hefur starfsemi félagsins á sl. mánuðum miðast við undirbúning fyrir komandi kjarasamningsgerð.

Hafinn var undirbúningur sl. haust þegar stjórn og trúnaðarmenn komu saman og fóru yfir áherslur félagsins í komandi samningum. Þá var ákveðið á landsfundi bæjarstarfsmannafélaga í nóvember sl. að ganga sameinuð til kjaraviðræðna við ríki og sveitarfélög eins og verið hefur síðan 2014. Þá tók FOSS þátt í gerð kjarakönnunar meðal félagsmanna sinna í samstarfi við bæjarstarfsmannafélögin á Suðurnesjum, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ. Könnun þessi mun nýtast vel í komandi kjarasamningagerð. Helstu áherslur sem fram komu í könnuninni eru hækkun launa, hækkun lægstu launa umfram önnur og stytting vinnuvikurnar.

Í samkomulagi sem BSRB og ASÍ gerðu við viðsemjendur sína í aðdraganda kjarasamninga 2015 var samið um launaþróunartryggingu til handa félagsmönnum BSRB ef hækkun launa á almenna markaðnum væru umfram opinbera markaðinn. Lagfæringar hafa verið gerðar á launatöflum fyrir árin 2016 og 2017. Nú í apríl kom svo niðurstaða fyrir 2018 og mældist 1,5% hækkun hjá bæjarstarfsmönnum en engin hækkun hjá ríkisstarfsmönnum.

Starfsmat hjá Sveitarfélögunum

Áfram verður unnið að því að efla starfsmatskerfi sveitarfélaganna, unnið verður að þróun kerfisins í samráði við stéttarfélög og verkefnastofa starfsmats eflid.

Endurmat starfa er nauðsynlegt og er æskilegt að félagsmenn sem telja sig hafa ófullnægandi starfslýsingu sem lýsir starfinu ekki vel, þrýsti á sinn yfirmann að fá rétta og greinagóða starfslýsingu því starfslýsingin er lykillinn að endurmati á starfinu í starfsmatinu.

Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmannaráð mynda stjórn FOSS og 40 trúnaðarmenn af öllu félagssvæðinu.

Fjórir fundir voru á tímabilinu, á einum fundi var fyrirlesari Ásdís Ólsen og talaði um núvitund, á öðrum var farið yfir kröfur í væntanlegum kjarasamningum. Síðan voru tveir fundir þar sem farið var

yfir starf trúnaðarmanns og lestur úr launaseðlum sem voru á vegum trúnaðarmannaskóla Fræðslu-
miðstöðvar atvinnulífsins.

Vinnustaðafundir

Vinnustaðafundir hafa verið haldnir á árinu, ýmist að frumkvæði trúnaðarmanna eða stjórnar FOSS. Vinnustaðir hafa líka haft samband og óskað eftir fundi með formanni eða starfsmönnum félagsins. Smærri fundir eins og vinnustaðafundir eru mjög gefandi og góðir félagslega til skoðanaskipta og upplýsinga.

Skrifstofan

Skrifstofa félagsins er til húsa að Eyravegi 27, Selfossi

Skrifstofan er opinn mánudaga til fimmtudaga frá kl. 09:00 – 16:00 en lokað er á föstudögum. Starfsmenn á skrifstofu kappkosta að veita góða þjónustu og leysa úr erindum félagsmanna svo vel sem kostur er.

Starfsmenn á skrifstofu eru þær Árný Erla Bjarnadóttir og Raket Þórðardóttir. Stefanía Geirsdóttir sem starfað hafði á skrifstofu FOSS til fjölda ára lét af störfum á sl. ári og er henni þakkað ómetanlegt og oft að tíðum óeigingjarnt starf fyrir félagið.

Félagsmenn eru nú tæplega 1000 og nær félagssvæðið okkar frá Hornafirði til Þorlákshafnar. Þar með talin eru öll sveitarfélög á félagssvæðinu og stofnanir þeirra ásamt Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrotaskólunum og nokkrum sjálfseignastofnunum. Viðsemjendur félagsins eru 25 en margir hafa falið samninganefnd samband ísl. sveitarfélaga(SNS) eða Samninganefndar ríkisins(SNR) samningsumboð sitt.

Heimasíða og prentað efni

Heimasíðan er fréttamiðill til að koma á framfæri ýmsum upplýsingum til félagsmanna.

Þar er að finna upplýsingar um félagið, lög og reglugerðir, kjarasamninga, umsóknareyðublöð og síðast en ekki síst mikilvægar upplýsingar og leiðbeiningar um starfsmatið og endurmat starfa.

Slóðin er: <http://foss.bsrb.is>

Heimasíðan tekur yfir ýmis konar útgáfu sem áður var send til félagsmanna. Gagnvirk umsóknareyðublöð eru á síðunni til að sækja um í orlofs- styrktar- og fræðslusjóði félagsins.

Ný útgáfa af heimasíðunni var tekin í notkun á árinu sem tekur tillit til allra snjalltækja og á þessu ári mun hún innihalda mínar síður fyrir félagsmenn.

Í vaxandi mæli nota félagsmenn tölvupóst til að fá upplýsingar frá félaginu og er það góð og gagnleg leið til samskipta.

Tölvupóstfangið er: foss@foss.bsrb.is

Þá er að nefna facebook síðu FOSS. Er hún einkunn notuð fyrir fréttatilkynningar en einnig er möguleiki fyrir félagsmenn að koma með ábendingar og skoðanaskipti í gegnum síðuna. Slóðin er: <http://facebook.com/fossst>

Orlofsbæklingar eru gefnir út ásamt kjarasamningum.

Fræðslunefnd FOSS

Fulltrúar í Fræðslusjóði FOSS eru kosnir á aðalfundi félagsins til tveggja ára í senn. Einn fulltrúi er kosinn af stjórn félagsins og gegnir hann jafnframt formennsku.

Í stjórn Fræðslusjóðs á sl. ári voru Kristín Erna Leifsdóttir formaður, kosin af stjórn félagsins, Aðalbjörg Kristín Kristinsdóttir starfsmaður Fsu og Sveinbjörn Guðlaugsson starfsmaður Sundhallar Selfoss kosin á aðalfundi félagsins. Starfsmaður FOSS starfar með nefndinni

Fulltrúar sjóðsins sjá um úthlutun úr sjóðnum og framkvæmd úthlutunarreglna. Vísindasjóður háskólamanna er vistaður hjá Fræðslusjóði. Endurmenntun stjórnar og trúnaðarmanna FOSS heyrir einnig undir sjóðinn.

Á síðast liðnu starfsári voru haldnir 3 fundir en ekki eru haldnir fundir í júlí og ágúst.

Á sl. starfsári urðu breytingar á úthlutun úr sjóðnum. Umsóknir sem tilheyra starfssviði félagsmanns þurfa ekki lengur að fara fyrir fund heldur er greitt út mánaðarlega. Þar af leiðandi fækkar fundum nefndarinnar en ekki úthlutunum.

Reglur sjóðsins eru sífellt í endurskoðun og er von á endurskoðuðum reglum á næsta ári.

Viljum ítreka að styrkurinn fellur niður ef hans er ekki vitjað innan sex mánaða. Og að frumrit reiknings þarf að fylgja með umsókninni.

Fulltrúi Fræðslusjóðs segir nánar frá störfum sjóðsins á aðalfundi.

Mannauðssjóður Samflots

Um er að ræða starfsmenntunarsjóð sem starfar á grundvelli kjarasamninga. Sjóðurinn veitir styrki til símenntunar og mannauðs og geta sveitarfélög, stofnanir og launagreiðendur sem greiða í sjóðinn sótt um styrk til sjóðsins.

Nánari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu sjóðsins <http://mannauðssjodur.samflot.is>

Samsvarandi sjóður fyrir ríkisstarfsmenn er Þróunar og símenntunarsjóður.

Orlofsnefnd FOSS

Í orlofsnefnd FOSS sitja Ragnheiður Elsa Busk form., Linda Björg Perludóttir og Veiga Dögg Magnúsdóttir, auk þess situr starfsmaður FOSS fundi. Fundir eru haldnir að jafnaði tvisvar á ári, oftast ef þurfa þykir.

Sala á flugmiðum hefur aukist mikið síðustu ár og virðast félagsmenn okkar vera mikið á ferðinni erlendis sem er afar ánægjulegt. Íbúðin sem FOSS og StH eiga á Spáni er vel nýtt.

Allir félagsmenn hafa aðgang að orlofsvefnum okkar. Heimasíðan er www.foss.bsrb.is, velja flipann orlofsmál en þar hefur orðið breyting á þar sem núna þarf að skrá sig inn með rafræn skilríki eða íslykil. Þar geta félagsmenn skoðað, bókað og greitt fyrir allt sem í boði er nema gjafamiða frá Heimsferðum og Vita ferðum og svo Útilegukortið og Veiðikortið. Þessir miðar og kort eru seld á skrifstofu FOSS en hægt er að láta senda sér þá gegn því að lagt sé inn á reikning félagsins

Orlofsblaðið kom út eins og venjulega í vor og var sent til allra félagsmanna. Einnig var gefið út Spánarblað í ár.

Margar spurningar hafa verið um orlofspunkta en félagsmaður fær 2 punkta fyrir hvern iðgjaldamánuð óháð starfshlutfalli. En svo dragast frá punktar þegar keyptir eru flugmiðar, hótelmiðar og vegna sumarleigu orlofshúsa.

Það er eingöngu punktastýrð úthlutun um páska og í Spánaríbúðinni, en yfir hásumartímenn er punktastýrð opnun á kerfinu. Annars er það fyrstur kemur fyrstur fær.

Þegar opnað er fyrir ný tímabil er það auglýst á heimasíðunni og á facebook síðu FOSS, fossst, sem við hvetjum alla sem eru á facebook að læka við.

Fulltrúi orlofsnefndar mun flytja skýrslu nefndarinnar á aðalfundi.

BSRB

BSRB eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi, eru aðildarfélög 25 talsins og fjöldi félagsmanna tæplega 22.000.

Á heimasíðu BSRB www.bsrb.is er að finna allar upplýsingar um bandalagið og aðildarfélög þess. Auk þess eru þar sérstakur réttindavefur, laga- og reglugerðavefur.

Réttindamál eru veigamikill þáttur í starfi BSRB enda eru á skrifstofu bandalagsins sérfræðingar á flestum sviðum vinnuréttar og kjaramála sem félögin geta að leitað til þegar upp koma erfið mál.

FOSS á fulltrúa í öllum fastanefndum BSRB.

45. þing BSRB var haldið í Reykjavík í október sl. Umgjörð þingsins var sviðuð og síðasta þing fyrir 3. árum, unnið var í málefnaþópum og unnið í stefnu bandalagsins og samþykktar ályktanir. Þingið var að öllu leyti rafrænt þ.e.a.s. pappírslaut og rafrænar kosningar.

Á þinginu var kosinn nýr formaður. Elín Björg Jónsdóttir sem verið hefur formaður BSRB í 9 ár gaf ekki kost á sér lengur og var Sonja Ýr Þorbergsdóttir lögfr. BSRB kosin nýr formaður bandalagsins.

Bæjarstarfsmannafélögin.

3. Landsfundur bæjarstarfsmannafélaga var haldinn í Hafnarfirði 22-23. nóvember sl. Á fundinum voru rædd ýmis mál svo sem komandi kjarasamningar, samstarf í kjaraviðræðum og önnur sameiginleg mál félaganna. Einnig voru fluttir fyrirlestrar um áhugaverð mál og vinnustofa með utanaðkomandi stjórnanda.

Síðastliðið haust hóf FOSS samstarf við fimm bæjarstarfsmannafélög um undirbúning fyrir komandi kjaraviðræður. Félagin eru Starfsmannafél. Suðurnesja, Starfsmannafél. Hafnarfjarðar, Starfsmannafél. Garðabæjar, Starfsmannafél. Kópavogs og Starfsmannafél. Mosfellsbæjar, þessi félög hafa verið í samstarfi undanfarin ár. Foss hefur einnig verið í samstarfi við nokkur af þessum félögum í gegnum Samflot bæjarstarfsmannafélaga. Eins og fyrr segir hefur samstarfið snúist um komandi kjaraviðræður og létu félögin gera sameiginlega launakönnun meðal félagsmanna sinna. Framtíðin verður svo að leiða í ljós hvort framhald verði á samstarfinu og hvernig það þróast.

Norrænt samstarf

FOSS í samstarfi við flest félög bæjarstarfsmannafélög innan BSRB eru í norrænu samstarfi í samtökum sem kallast NTR Nordiske Tjenestemanns Råd.

Samtökin halda ráðstefnur á 2ja ára fresti þar sem koma saman fulltrúar frá öllum bæjarstarfsmannafélögum á norðurlöndunum að Finnlandi undanskildu. Þess á milli starfar 5 manna framkvæmdanefnd.

Síðast liðið sumar var haldinn ráðstefna í Stavanger í Noregi og sóttu 3 fulltrúar FOSS ráðstefnuna. Á ráðstefnunni eru rædd þjóðfélagsmál jafnt sem innri mál félaganna. Þá eru vinnustaðaheimsóknir hluti af ráðstefnunni og opinberar stofnannir í viðkomandi borg heimsóttar. Túlkaþjónusta er á ráðstefnunni og hjálpar það íslensku þátttakendum en allir tala á sýnu móðurmáli.

Styrktarsjóður BSRB

FOSS er aðili að Styrktarsjóði BSRB. Hann var stofnaður í kjarasamningum og hóf starfsemi sína 1. janúar 2001.

Upplýsingar um úthlutunarreglur sjóðsins er að finna á heimasíðu hans www.styrktarsjodur.bsrb.is

Virk starfsendurhæfingarsjóður

Virk starfsendurhæfingarsjóður er stofnaður með aðild alls vinnumarkaðarins. Hlutverk Virk starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með því að auka virkni, endurhæfingu og önnur úrræði.

FOSS er aðili að starfsendurhæfingarsjóðnum Virk sem starfar á Suðurlandi. Unnið hefur verið gríðarlega gott starf á þess vegum til hjálpar þeim sem hafa verið lengi út af vinnumarkaðnum vegna örorku eða atvinnuleysis.

Lífeyrissjóðir BRÚ og LSR

Allir félagsmenn FOSS sem fá greidd laun frá launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins greiða í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, svo og þeir félagsmenn sem hófu störf hjá sveitarfélagi eða stofnunum fyrir 1997 og völdu að vera þar áfram.

BRÚ(Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga) er kjarasamningsbundinn og er fyrir alla starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra sem hefja störf eftir gildistöku laga nr. 129/1997. Sjóðurinn er þriggja deilda sjóður. A deild, sem er sambærileg við A deild LSR, V deild sem gefur kost á valmöguleikum á viðbótariðgjaldið og S deild sem ætluð er fyrir séreign.

Forystumenn bæjarstarfsmanna sömdu um stofnun BRÚ (LSS) við Launanevnd sveitarfélaga. Sjóðurinn er því kjarasamningsbundinn og verður honum ekki breytt nema með samningum. Það er hluti af kjarasamningsbundnum kjörum að greiða í þá lífeyrissjóði sem FOSS hefur samið um.

Allar nánari upplýsingar um sjóðina er að finna á heimasíðum www.lifbru.is og www.lsr.is

Það er á ábyrgð sjóðsfélaga að velja sér leiðir, þær eru ekki eins fyrir alla, fer eftir fjölskyldumynstri, aldri o.s.frv. Það er nauðsynlegt að vekja stöðugt athygli félagsmanna á þeim möguleikum sem í boði eru. Félagsmenn verða að vera vakandi um lífeyrissjóðsmál sín ekki síður en önnur réttindi, það getur skipt sköpum þegar að töku lífeyris kemur.

Reikningar FOSS

Rekstur FOSS er með ágætum. Ávöxtun sjóða félagsins er í höndum starfsmanna og endurskoðanda félagsins.

Að lokum

Í skýrslu þessari hefur verið dregið saman það helsta úr starfi félagsins á síðastliðnu starfsári. Á heimasíðu FOSS er einnig að finna upplýsingar um mörg þau atriði sem upp eru talin ásamt öðru efni sem ekki var hægt að koma fyrir í stuttri skýrslu.

Ég vil þakka meðstjórnendum, nefndarmönnum og starfsmönnum fyrir störf í þágu félagsins. Þeim nefndarmönnum sem láta af störfum vil ég þakka sérstaklega.

Síðast en ekki síst þakka ég ykkur öllum, félagsmenn góðir, ánægjulegt og gott samstarf á liðnu starfsári

Selfossi apríl 2019

fh. stjórnar FOSS

Ásbjörn Sigurðsson.